

629. fundur

Fimmtudaginn 14. september 2017 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 í atvinnuvega- nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson formaður ANR
Baldur Sigmundsson ANR
Benedikt S. Benediktsson FJR
Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir ANR
Kristín Edda Sigfúsdóttir ritari, ANR

1. Lögð var fram fundargerð 628. fundar og var hún staðfest.
2. Tekin voru fyrir erindi Sölufélags Garðyrkjumanna og Banana ehf dags. 8. september 2017 um skort á gulrótum og sellerýi. Við nánari athugun hjá framleiðendum og birgjum var það metið svo að nægjanlegt framboð væri á gulrótum. Sellerý er ræktað hjá tveimur framleiðendum og var ákveðið að afla frekari gagna og afgreiðslu frestað.

Farið var yfir drög að reglugerð um blómkál og hnappað spergilkál en nefndinni höfðu borist upplýsingar um að innlent blómkál væri á þrotum. Ákveðið var að senda umsagnaraðilum drög að tillögu sem nefndin hyggst leggja fyrir ráðherra.

3. Lagt var fyrir erindi frá Ferskum kjötvörum ehf, dags. 13. september 2017 um að farið væri að bera á vöntun á nautakjöti aðallega nautalundum. Samskonar erindi hafi borist frá Kjarnafæði ehf dags. 13. september sl. varðandi grísahryggi með og án beina. Í kjölfar þessara erinda var ákveðið að senda fyrirspurn til hlutaðeigandi aðila til að kanna stöðuna á markaði.
4. Lagt var fyrir erindi frá Íslenskum matvörum ehf. dags. 4. ágúst 2017, um einangrun markaðarins á vörum úr vörulið 1601 af hve fáum aðilum var úthlutaðir tollkvótar. Erindinu verður svarað.

Fleira ekki gert og fundi slitið.